



ORKUSTOFNUN
JARÐHITAEILD

JARÐHITASVÆÐIÐ VIÐ KRÖFLU
ÁFANGASKÝRSLA UM
JARÐEÐLISFRÆÐILEGAR RANNSÓKNIR 1976-1978

Ragna Karlsdóttir
Gunnar Johnsen
Axel Björnsson
Ómar Sigurðsson
Egill Hauksson

JARÐHITASVÆÐIÐ VIÐ KRÖFLU
ÁFANGASKÝRSLA UM
JARÐEÐLISFRÆÐILEGAR RANNSÓKNIR 1976-1978

Ragna Karlsdóttir
Gunnar Johnsen
Axel Björnsson
Ómar Sigurðsson
Egill Hauksson

<u>EFNISYFIRLIT</u>	Bls.
MYNDASKRÁ	5
VIÐAUKASKRÁ	6
1 INNGANGUR (AB)	7
2 VIÐNÁMSMÆLINGAR (RK)	9
2.1 Eðli viðnámsmælinga	9
2.2 Túlkun viðnámsmælinga	9
2.3 Afmörkun lóðréttra viðnámskila	11
2.4 Líkan	13
2.5 Tvíþólmælingar	14
2.6 Niðurstöður viðnámsmælinga	15
3 MÆLINGAR Í BORHOLUM (ÓS)	16
3.2 Sjálfspennumælingar í borholum	17
3.3 Niðurstöður SP- og viðnámsmælinga í borholum	17
4 SEGULMÆLINGAR (RK)	18
4.1 Mæliaðferð	18
4.2 Segulmælingar í Kröflu	18
5 TITRINGSMÆLINGAR (EH/AB)	20
5.1 Inngangur	20
5.2 Mæliaðferð	20
5.3 Mæliniðurstöður	21
5.4 Niðurstöður	22
6 ÞYNGDARMÆLINGAR (GJ).....	23
6.1 Inngangur	23
6.2 Útreikningar	24
6.3 Mat á óvissu Bouguergilda	25
6.4 Frekari úrvinnsla	28
7 SJÁLFSPENNUMÆLINGAR (AB/RK)	30
7.1 Inngangur	30
7.2 Framkvæmd mælinganna	30
7.3 Helstu niðurstöður	31

8	HELSTU NIÐURSTÖÐUR (RK/AB)	33
9	FRAMHALD RANNSÓKNA (RK)	35
	1. Rafleiðnimælingar	35
	2. Strúktúrrannsóknir	36

MYNDIR

VIÐAUKAR

MYNDASKRÁ

nr.	Fnr.	Heiti
2.1	17411	Viðnámsmælingar, Schlumberger, Skýringarmynd
2.2	16868	Staðsetning viðnámsmælinga á Námafjalls- og Kröflusvæði
2.3	16163	Gróf tengsl milli helstu bergmyndana sem borholur KG8 - KW1 skera.
2.4	17439	Viðnámslíkan af Kröflusvæði
2.5	16017	Jarðlagasnið gegnum borholu KJ6, KW1, KG3, KJ7, KG5 og KW2
2.6	16861	Viðnámsvæði innan Kröfluöskjunnar, ákvörðuð af viðnámsmælingum
2.7	17865	Viðnám á 600 metra dýpi
2.8	17512	Krafla, tvípólmælingar
3.1	16020	Uppsetning til viðnámsmælinga í borholum
3.2	17147	Krafla, hola KJ9, Einfaldað viðnámsnið
3.3	17146	Krafla, hola KG10, Einfaldað viðnámsnið
3.4	17145	Krafla, Hola KJ11, Einfaldað viðnámsnið
4.1	9706	Námafjall-Krafla, Flugsegulkort
4.2	17436	Krafla, Segulmælingar 1977
4.3	17454	Krafla-Segulkort. Einfölduð heildarmynd
4.4	17454	Krafla-Segulkort
4.5	17454	Krafla-Segulkort
4.6	17454	Krafla-Segulkort
4.7	17454	Krafla-Segulkort
4.8	17454	Krafla-Segulkort
4.9	17454	Krafla-Segulkort
5.1	17666	Krafla-Titringsmæling
5.2	17667	Krafla-Titringsmæling
5.3	17668	Krafla-Titringsmæling
5.4	17669	Krafla-Titringsmæling
5.5	17670	Krafla-Titringsmæling
5.6	17671	Krafla-Titringsmæling

nr.	Fnr.	Heiti
6.1	16839	Bouguer þyngdarkort af Kröflusvæði í mgal.
6.2	16838	Residual þyngdarkort af Kröflusvæði í mgal.
7.1	17720	Krafla, Titrings- og Sjálfspennumælingar
7.2		Sjálfspennumælingar, Hrafninnuhryggur-Leirhnjúkur

VIÐAUKASKRÁ

1. Viðnámsferlar og túlkun þeirra
2. Viðnámsmælingar í borholum
3. Segullínur
4. Þyngdarmælipunktur

1 INNGANGUR

Í júní 1971 kom út skýrsla á vegum jarðhitadeildar Orkustofnunar: Námafjall-Krafla, áfangaskýrsla um rannsóknir jarðhitasvæðanna. Í þeirri skýrslu birtust niðurstöður yfirborðsrannsókna, sem gerðar höfðu verið vegna fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda á þessum slóðum. Sumarið 1971 var bætt við viðnámsmælingum (Schlumbergermælingum) á jarðhitasvæðunum. Voru viðnámsmælingar þá orðnar alls um 60 talsins. Með þessum rannsóknum var litið svo á að forrannsóknum, öðrum en borunum, vegna fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda væri lokið á þessum slóðum.

Þrátt fyrir þetta hafa verið gerðar ýmsar frekari jarðeðlisfræðirannsóknir, bæði við Kröflu og á Námafjallssvæði, eftir því sem efni og aðstæður hafa leyft hverju sinni. Tilgangurinn var einkum tvíþættur:

- 1) Gufuöflun fyrir Kröfluvirkjun hefur gengið erfiðlega og í ljós hefur komið að jarðhitakerfið er flóknara en búist var við í upphafi. Var því reynt að bæta þá mynd er þegar hafði fengist af jarðhitasvæðinu og einkum stefnt að því að finna og kortleggja misfellur, sprungur eða önnur jarðfræðileg atriði er hjálpað gæti við að staðsetja borholur með meira öryggi.
- 2) Í annan stað hafa verið reyndar ýmsar nýjar mæliaðferðir í jarðeðlisfræðilegri könnun jarðhita. Slík starfsemi er fastur liður í verkefnum jarðhitadeildar og hér hefur verið lögð nokkur áhersla á þennan þátt og í því sambandi verið höfð samvinna við nokkra erlenda aðila.

Þessi skýrsla var að mestu leyti unnin veturinn 1978-1979, en dráttur hefur orðið á endanlegum frágangi og útgáfu, einkum vegna anna við áframhaldandi rannsóknir við Kröflu. Greint er frá helstu niðurstöðum einstakra þátta jarðeðlisfræðirannsóknanna, en á þessu stigi úrvinnslunnar verður ekki reynt að gera neina heildarmynd af byggingu og eðli jarðhitasvæðisins við Kröflu.

Slíka samantekt verður væntanlega unnt að gera þegar úrvinnslu jarðeðlisfærðilegra rannsókna ársins 1979 er lokið og þær felldar í eina heild ásamt öðrum upplýsingum er liggja fyrir eins og niðurstöðum efnafræðirannsókna og borholumælinga.

2 VIÐNÁMSMÆLINGAR

2.1 Eðli viðnámsmælinga

Viðnámsmæling mælir viðnám jarðlaganna gegn rafstraumi sem fall af dýpi undir mælistað. Hleypt er rafstraumi niður í jörðina gegnum straumskaut S og S¹ (mynd 2.1) og mæld spennan sem myndast við það milli spennuskautanna P og P¹. Viðnám er síðan reiknað samkvæmt ákveðinni líkingu og er háð straum- og spennugildum. Með því að auka sífellt fjarlægðina milli straumskautanna nær straumurinn æ dýpra. Mæliaflestur við hverja stöðu straum- og spennuskauta gefur svonefnt sýndarviðnám (á ákveðnu dýpi). Sýndarviðnámið er einhvers konar samnefnari viðnáms jarðlaga niður á það dýpi, sem straumurinn skynjar. Sýndarviðnám við hvern aflestur er síðan fært á línurit og gefur feril sem sýnir skiptingu jarðlaganna í viðnámslög undir mælistað. Með þessari mæliaðferð (Schlumberger-aðferð) má finna eðlisviðnám jarðarinnar niður á um 1200 metra dýpi með þeirri tækni sem jarðhitadeild ræður yfir. Með annarri röðun rafskauta, tvíþól-aðferð, má finna eðlisviðnám niður á um 6 km dýpi. Við túlkun beggja mælinga er gert ráð fyrir lagaskiptum í viðnámi með dýpi og engum viðnámsbreytingum í lárétta stefnu á því svæði sem hver mæling tekur yfir. Slíkar viðnámsbreytingar eru samt venjulega til staðar. Ef þær eru litlar hafa þær óveruleg áhrif á mæliniðurstöðuna en þó meiri á tvíþólmælingu en Schlumbergermælingu. Því eru tvíþólmælingar oft óáreiðanlegri en Schlumbergermælingar. Báðum þessum aðferðum hefur verið beitt á Kröflusvæði.

Viðnám í bergi er háð ákveðnum breytistærðum. Viðnám í köldu þurru bergi er mjög hátt en lækkar mjög með auknu vatnsinnihaldi bergsins, hækkandi hitastigi vatnsins og seltu.

2.2 Túlkun viðnámsmælinga

Viðnámsmælingar frá árunum 1970 og 1971 eru allar með 900 metra straumarm í ystu stöðu straumskautanna. Þetta þýðir að mælingin skynjar 6-700 metra dýpi. Mælingar frá 1976 eru með 1500-1700 metra straumarm og skynja þar af leiðandi dýpra eða 11-1200 metra dýpi. Elstu mælingarnar, sem birtust í framvinduskýrslunni, júní 1971 (1) eru endurtúlkaðar og skoðaðar með nýrri mælingum í ljósi nýrrar vitneskju og hugmynda um svæðið (sjá mynd 2.2 sem sýnir staðsetningu viðnámsmælinga

við Námafjall og Kröflu). Það sem gerir viðnámsmælingar frá háhitasvæðum erfiðar í túlkun er fyrst og fremst hinn mikli viðnámsmunur einstakra viðnámslaga. Oft eru ung gróðursnauð hraun á yfirborði en undir mjög ummyndað berg. Þurrt kalt hraun getur haft viðnám 10.100-60.000 Ω m en mjög ummyndað, vatnsósa, heitt berg hefur viðnám 2-5 Ω m. Einfaldasta túlkun viðnámsmælingar gerir ráð fyrir lárétttri lagskiptingu viðnámslaga og að hvert lag hafi óendanlega útbreiðslu í láréttum fleti. Það gefur auga leið að mikillar ónákvæmni getur gætt sé slíkri túlkun beitt eingöngu á jafn flókin fyrirbæri og háhitasvæði.

Skil milli viðnámslaga eru einatt mjög óregluleg og því erfitt að gera einfalt líkan af svæðinu. Þegar allar mælingarnar eru skoðaðar sést að mælingar sem gerðar eru á svæði sem afmarkast af Kröflu og Leirbotnum að suðaustan og teygir sig vestur að Hvíthóli hafa nokkra sérstöðu. Það sem einkennir þessar mælingar er lágt viðnám (< 10 Ω m) undir yfirborðslagi og hækun viðnáms í enda mælingar. Þessa viðnámshækkun má skýra þannig:

- a) Sem lárétt viðnámsskil, þar sem viðnám hækkar undir lágviðnámslaginu.
- b) Sem lóðrétt viðnámsskil, þar sem mælimiðja er staðsett yfir lágviðnámsvæði en armur mælingar fer yfir viðnámsskil út yfir herra viðnám.
- c) Sem samspil a og b.

Sé kostur a) valinn kemur í ljós að viðnámslag með mjög háu viðnámi þyrfti til að skýra viðnámshækkunina í enda mælingar. Dýpi niður á háviðnámið er þá 300-500 metrar, og grynnt á það á svæðinu vestur af Víti. Það er því eins og toppur undir miðju virkasta svæðisins. Þegar skoðað er jarðlagasnið úr borholum á Kröflusvæði sést ekkert, sem skýrt gæti viðnámsskil svo ofarlega. Jarðlagasnið úr KG-8-KW-1 (mynd 2.3) sýnir að móbergsmýndanirnar ná niður á 700-800 metra dýpi og þar fyrir neðan tekur við ummyndað basalt með ferskum innskotslögum neðan 1100-1200 metra dýpis. (Mynd 2.3 er úr holubréfi 7). Neðri mörk efra jarðhitakerfisins er á um 1200 metra dýpi í KG-8 og KG-10 (2).

Mælingarnar voru síðan athugaðar með það í huga, að lóðrétt skil yllu þessari viðnámshækkun (skýring b)). Mörkuð er fjarlægð mælimiðju frá slíkum skilum. Kemur þá fram afmarkað svæði sem nær vel út fyrir það

svæði sem sýnir ummyndun á yfirborði. Lögun mæliferlanna sýnir hins vegar að ekki er hægt að skýra viðnámsþækkunina með lóðréttum viðnáms-skilum eingöngu. Viðnámsþækkunin í enda mælingar er meiri en svo að lóðrétt viðnámskil ein gætu skýrt hana. Trúleggra er að við nám þækki einnig með dýpi þannig að um samspil a) og b) sé að ræða.

Hægt er að skýra viðnámsþækkunina í mæliferlunum sem samspil lóðréttra og láréttra skila (skýring c)). Samkvæmt því eru mælingarnar yfir lágviðnámssvæði (ummyndunarsvæði) sem afmarkast af lóðréttum skilum á allar hliðar og láréttum skilum á 800-1000 metra dýpi. Sjá mynd 2.4 af líkani. Innan lágviðnámssvæðisins er viðnámið 1-10 Ω m. Við syðri skilin þækkar viðnámið í um 30 Ω m utan svæðisins, við þau nyrðri þækkar viðnámið í 50-100 Ω m. Viðnámið neðar 800-1000 metra dýpis er 100 Ω m. Viðnámsmælingar í borholum á Kröflusvæði sýna viðnámsþækkun með dýpi. Skilin eru ekki skörp en við nám þækkar á um 1000 metra dýpi í KJ11 og á um 1200 metra dýpi í KG10 (sjá síðar um við nám í borholum). Ef skoðað er ummyndunarsnið af Kröflusvæði á mynd 2.5 (gegnum KJ6 - KW1 - KG3 - KJ7 - KW2) frá norðri til suðurs, sést að hola KJ6 sker sig mjög úr. Ummyndunargættir minna í KJ6 og er hún eina hola sem er utan ummyndunarsvæðisins í viðnámslíkaninu (3). Í jarðlagasniði kemur fram misræmi milli KJ6 og annarra hola og er það skýrt þar sem 300 metra misgengi.

2.3 Afmörkun lóðréttra viðnámskila

Suðurjaðar svæðisins er allvel markaður sjá mynd 2.6. Mælingar innan lágviðnámssvæðisins sem ná með syðri straumarm yfir mörkin eru:

Heiti mælingar	Fjarlægð mælimiðju í lóðrétt skil	Dýpi á lárétt skil
KR24	400 og 200 m	
KR59	400 m	800 m
KR61	280 m	800 m
KR62	600 m	800 m
KR72	500 m	1000 m
KR77	700 m	1000 m

Ferlar mælinga sunnan markanna hafa lögun sem bendir til lóðréttrar við-
námsskila, þar sem mælimiðja er yfir "háu" viðnámi en straumarmur nær
út yfir lægra viðnám. Mælingarnar eru:

Heiti mælingar	Fjarlægð mælimiðju í lóðrétt skil
KR20	190 m eða 300 m
KR41	750 m
KR63	1000 m og 280 m
KR70	270 m og 1200 m
KR73	420 m og 1000 m

Lögun mæliferla KR63, KR70 og KR73 má túlka þannig að báðir straumarmar
fari út yfir lóðrétt viðnámsskil. Fjarlægð mælimiðju í skilin
í aðra áttina fellur saman við áður nefnd mörk ummyndunar svæðisins
(nyrðri armur mælinganna). Fjarlægðin í skil á syðri armi fellur saman
við kalt ummyndunarsvæði sem sést á yfirborði í Hvíthólsklifi. Annað lítið
lágviðnámssvæði virðist vera í dalverpinu milli Sandabotnafjalls og Hala-
skógafjalla.

Norðurjaðar svæðisins markast þannig:

Heiti mælingar	Fjarlægð í lóð- rétt skil	Dýpi á lárétt skil
KR11	500 m	-
KR22	360 m	-
KR65	600 m	800 m
KR66	750 m	1000 m
KR67	500 m	1000 m
KR69	(700) og (1500)	-
KR75	850	1000 m

sem hafa mælimiðju innan svæðisins og

KR38 750 m

KR39 (600 m)

KR58 500 m

sem hafa mælimiðju utan svæðisins.

Lágviðnámssvæðið virðist síðan teygja sig til suðausturs í suðurhlíðum Kröflu svo og til norðvesturs vestur fyrir Hvíthól. Svæðið er þannig aflangt að lögun og er langásinn þvert á stefnu (misgengja) sprungu-sveimsins.

Þetta lágviðnámssvæði sem afmarkast af lóðréttum viðnámsskilum fellur mjög vel saman við ummyndun á yfirborði. Kemur þetta fram bæði á aðal-lágviðnámssvæðinu milli Hrafninnuhryggs og litla Leirhnjúks en einnig við litlu lágviðnámsblettina við suðurjaðar Kröfluöskjunnar.

2.4 Líkan

Við þessa túlkun er gerð mjög einfölduð mynd af svæðinu. Hið einfald-aða líkan gerir ráð fyrir afmörkuðu lágviðnámssvæði eða strompi og tals-vert herra viðnámi umhverfis. Eins og áður er sagt, eru lóðréttu við-námsskilin skörp í suðurjaðri svæðisins í Leirbotnum. Mælingar eru þar þéttar og skilin vel ákvörðuð. Á norðurjaðri svæðisins eru skilin mjög óregluleg. Misgengi og brot skera norðurjaðarinn þar sem hann er ákvarð-aður af viðnámsmælingunum. Þau eru virk og svæðið því opnara og við-námsskilin þar af leiðandi ekki eins skörp. Lóðréttu viðnámsskilin í Leirbotnum eru austan við misgengjasveiminn.

Líkanið gerir ráð fyrir lægra viðnámi en 10 Ω m undir yfirborðslagi á lágviðnámssvæðinu (sjá mynd 2.7 sem sýnir viðnám á 600 metra dýpi á Kröflusvæði). Nú sýna mælingar að viðnám er breytilegt innan svæðisins. Lægst er það í Leirbotnum 1-2 Ω m og við Leirhnjúk 1-2 Ω m. Viðnám sunnan við Víti er um 3 Ω m. Svæðið milli Vítis og Leirhnjúks hefur herra við-nám eða 7-9 Ω m. Þannig sést að lágviðnámssvæðið er alls ekki samkennt (homogen). Lægsta viðnámið er þar sem mikið gufuúttstreymi er á yfir-borði. Þetta bendir því til að mest uppstreymi jarðhita sé við Leir-hnjúk annars vegar og á svæðinu frá Víti suður í Leirbotna hins vegar. Athuganir á borholusvæðinu leiða líkur að því að uppstreymi "neðra jarð-hitakerfisins" sé nálægt Hveragili (Leirbotnum) og það tengist "efra kerfinu" þar. Þannig sé "efra kerfið" afrennsli "neðra kerfisins" (4).

Viðnámið utan lágviðnámssvæðisins er heldur ekki samkennt í næsta ná-grenni svæðisins. Þannig er viðnámið til norðurs og norðausturs all-miklu herra en til suðurs. Viðnámið norðan við er 50-80 Ω m og fer hækkandi til austurs og austan við svæðið. Viðnámið sunnan við er 20-30 Ω m á beltí í stefnu frá Kröflu suður í átt að Námafjalli. Sam-

felld lágviðnámsbelti ~ 30 Ωm nær því á milli Námafjalls og Kröflu með afmörkuðu lágviðnámi (strompum) á báðum svæðunum. Athyglisvert er hvernig lágviðnámsvæðið teygir sig í norðvestur og suðaustur. Það er aflangt með langás þvert á sprungustefnu. Lausleg frumtúlkun á Námafjallssvæðinu bendir til sams konar fyrirbæris þar. Flugsegulkort, sem nær yfir Námafjalls- og Kröflusvæðið og gert var 1970, sýnir segul-lægð yfir háhitasvæðunum sjálfum svo og stærri lægð, sem teygir sig norðvestur og suðaustur frá Kröflu. Eftir eldsumbrotin í desember 1975, kom fram misgengi í suðurhlíðum Kröflu með sömu norðvestur/suðaustur stefnu. Stefnu þessa má einnig greina í þyngdarkorti af svæðinu (sjá mynd 6.1 og 6.2). Þetta gefur óneitanlega vísbendingu um að undir háhitasvæðinu við Kröflu sé eitthvert fyrirbæri í jarðskorpunni með þessa stefnu.

Auk þessara samfelldu lágviðnámslaga sem að framan greinir kemur fram lágt viðnámi í fáeinum einstökum mælingum.

KR18 sýnir 20 Ωm viðnámslag á 150-250 metra dýpi.

KR37 sýnir 30 Ωm viðnámslag á 70-650 metra dýpi.

KR51 sýnir 25 Ωm viðnámslag á 40-400 metra dýpi.

KR18 og KR37 eru báðar rétt við öskjurimann, KR18 norðan af Hlíðarfjalli og KR37 austur af Kröflu. KR51 er austur af Kröflu um 1 km austan við öskjurimann.

Allar viðnámsmælingar á Kröflusvæðinu og túlkun þeirra eru sýndar í viðauka 1.

2.5 Tvípólmælingar

Árið 1976 voru gerðar fimm tvípólmælingar á og nálægt háhitasvæðinu við Kröflu (sjá mynd 2.8). Í öllum mælingunum eru straumskaut innan lágviðnámsvæðisins. Nota má tvípólmælingar sem framlengingu á Schlumbergermælingum. Í viðauka 2 eru tvípólmælingarnar sýndar ásamt Schlumbergermælingum er liggja í stefnu tvípólmælingarinnar og hafa miðju nálægt straumarmi hennar. Tvípólmælingarnar styrkja þá skoðun að lárétt viðnámskil séu á 500-1000 m dýpi og herra viðnámi þar fyrir neðan. Þetta eru skilin sem sett eru á 800-1000 metra dýpi í líkani. Samkvæmt jarðlagasniði, úr borholum KG8-KW1 (mynd 2.3) er móbergsmýndun efst eða niður á 700-800 metra dýpi. Þar tekur við basaltmýndun sem nær niður á 1100-1200 metra dýpi en þar fyrir neðan er innskotamyndun.

Mikillar ummyndunar gætir bæði í móbergs- og basaltmynduninni og því ekki líklegt að viðnámsmælingar skynji skil þar á milli. Innskotin eru hins vegar fersk og hafa því mun herra viðnám en ummyndað berg. Þegar þeirra fer að gæta að einhverju ráði á 1100-1220 metra dýpi hækkar viðnám og því er trúlegt að það séu láréttu viðnámsskilin, sem framkoma í viðnámsmælingum.

2.6 Niðurstöður viðnámsmælinga

Samkvæmt þeirri túlkun, er lýst er hér á undan eru helstu niðurstöður viðnámsmælinga þessar: Fundist hefur vel afmarkað lágviðnámssvæði innan Kröfluöskjunnar. Svæðið er um 7 km² að stærð á yfirborði og nær niður á 800-1000 metra dýpi. Viðnámshækkunin á 1100-1200 metra dýpi er vegna aukins þéttleika ferskra innskotslaga. Auk þessa afmarkaða lágviðnámssvæðis koma fram lágviðnámsblettir í Hvíthólsklifi, en þar sést einnig ummyndun á yfirborði. Einnig kemur fram óeðlilega lágt viðnám í nokkrum mælingum og er það sjálfsagt tengt ummyndun við öskjurimann (sjá mynd 2.7). Lágviðnámssvæðið fellur vel saman við ummyndun á yfirborði.

Það lágviðnámssvæði sem hér hefur verið lýst nær niður á 800-1000 m dýpi. Það er því trúlega eins konar kortlagning af svokölluðu efra jarðhitakerfi í Kröflu (2.4).

Heimildir við viðnámskafla.

1. Kristján Sæmundsson og fleiri, 1971, Námafjall-Krafla, áfangaskýrsla um rannsókn jarðhitasvæðanna. OSJHD.
2. Valgarður Stefánsson, Hrefna Kristmannsdóttir og Gestur Gíslason, 1977, Holubréf nr. 7.
3. Valgarður Stefánsson, Hrefna Kristmannsdóttir og Gestur Gíslason, 1977, Bráðabirgðaskýrsla um stöðu rannsókna við Kröflu. Óbirt handrit.
4. Benedikt Steingrímsson og Valgarður Stefánsson, 1978, Holubréf nr. 9.

3.1 Viðnámsmælingar í borholum

Aðferðum sem beitt er við viðnámsmælingar í borholum svipar til þeirra aðferða sem notaðar eru á yfirborði jarðar og um þær gilda sömu lögmál. Aðferðin við viðnámsmælingar í borholum er sú að viðnám er mælt á hverjum stað í holunni þannig að samfelldur viðnámsferill fæst fyrir hana. Til þess er notuð einföld fjögurra rafskauta uppstilling sem sýnd er á mynd 3.1. Straumskaut eru tvö og er annað þeirra A neðst í viðnámstækinu en kápa mælivírsins, sem er úr margþættum stálvír, er notuð sem hitt skautið (B). Spennan er mæld milli spennuskautanna M og N og er skautið M uppi á yfirborði, en N er á viðnámstækinu í fjarlægðinni a frá straumskautinu A. Sýnt hefur verið fram á að þar sem fjarlægðin a er miklu minni en fjarlægðir milli annarra rafskauta, er aflestur tækisins aðallega háður viðnámi bergsins í næsta nágrenni við viðnámstækið. Aflesturinn eða sýndarviðnámið er því meðalgildi viðnáms bergsins í nágrenni tækisins. Sú fjarlægð sem tækið kannar út fyrir borholuna er af sömu stærðargráðu og fjarlægðin a og breytist hún í öfugu hlutfalli við vídd holunnar. Þegar tækið er í einleitu (homogen) umhverfi verður mælt sýndarviðnám jafnt eðlisviðnámi umhverfisins. Þetta er svo t.d. þegar vídd holunnar er verulega meiri en fjarlægðin a og er þá sýndarviðnámið jafnt eðlisviðnámi vatnsins í holunni. Ef vídd holunnar er hins vegar verulega minni en fjarlægðin a og bergið utan holunnar einleitt, verður sýndarviðnámið jafnt eðlisviðnámi bergsins. Hið fyrrmefnda gerist við skápa í holunni, en hið síðara, þar sem þykkt berglaga er mikil miðað við a. Fyrir utan þessi tvö tilfelli er sýndarviðnámið yfirleitt meðalviðnám og þarf því að taka tillit til holuvíddar og eðlisviðnáms vatnsins til að finna raunverulegt viðnám bergsins utan holunnar.

Viðnámstækið er þannig útbúið að tvö spennuskaut N eru á tækinu og fást því mæliferlar fyrir tvær mismunandi fjarlægðir a. Önnur fjarlægðin er 16" en hin 64". Munurinn á þessum tveim mæliferlum felst í því að ferill þegar mælt er a = 16" hefur betri "upplausn", þ.e þunn jarðlög koma þar betur fram en í hinum. Hins vegar gætir þar skiljanlega verulegra áhrifa frá vatninu í holunni. Aftur á móti er sýndarviðnámið þegar mælt er með 64" fjarlægð milli póla nær eðlisviðnámi þegar um er að ræða þykk lög.

3.2 Sjálfspennumælingar í borholum

Sjálfspenna (SP) er mæld samhliða viðnámsmælingum með viðnámstækjum. Eru notuð tvö rafskaut þar sem annað rafskautið er á viðnámstækinu en hitt er fast á yfirborði jarðar. Mældur er spennunur milli vatnsins í borholunni og yfirborðs jarðar.

Breytileg sjálfspenna orsakast af rafstraumum í borholuvökvanum sem koma fram t.d. vegna jónastreymis. Munur á efnasamsetningu borholu-veggja kemur stundum fram í SP-mælingum og einnig er oft hægt að greina vatnsæðar, ef mikið rennur inn í holuna eða út úr henni (streaming potential).

3.3 Niðurstöður SP- og viðnámsmælinga í borholum

Ef litið er á hin einföldu viðnámsnið úr borholunum er ekki hægt með góðu móti að tengja þau beint saman (myndir 3.2, 3.3, 3.4). Í heild sýna sniðin þó svipað hegðunarmynstur þ.e. að ofarlega í holunum er viðnám tiltölulega lágt en lækkar svo verulega á nokkru dýpi. Þessi viðnámsþækkun gerist á mismunandi dýpi í holunum. Í holu KJ-9 verður hún á um 800 m dýpi (mynd 3.2), í KG-10 á rúmlega 1100 m dýpi (mynd 3.3) og í KJ-11 á tæplega 1000 m dýpi (mynd 3.4). Veruleg viðnámslækkun verður svo aftur á tæplega 1700 m dýpi í holu KJ-11. Sambærileg viðnámshegðun verður ekki greind í holu KG-10 enda eru jarðlög þessara tveggja hola mjög ólík neðan 1650 m dýpis. SP-mælingar sýna verulegar lægðir þar sem stærstu vatnsæðarnar opnast í holurnar, en minni vatnsæðar eru ógreinilegar eða koma alls ekki fram.

Hegðunarmynstur viðnámsmælinga í borholum benda þó ótvírætt til að viðnám í bergi sé mun hærri neðan við 1000 m dýpi en ofar. Kemur það vel heim við viðnámsmælingar á yfirborði, auk þess sem skil jarðhitakerfanna eru yfirleitt á þessu dýpi. Svo sem áður er getið er berg neðan við 1000 m dýpi mun fersklegra en ofar, er því eðlilegt að viðnám þar sé að meðaltali hærri en þar sem berg er meira ummyndað.

Nákvæmari lýsing á viðnámi í holum KG8, KG10 og KJ11 er í viðauka 2.

4 SEGULMÆLINGAR

4.1 Mæliaðferð

Í segulmælingum er yfirleitt mælt með róteindasegulumæli sem mælir heildarstyrk sviðsins. Mælingar á jörðu eru gerðar í 2,5-4 metra hæð. Sé nauðsynlegt að gera nákvæmt segulkort af svæðinu, er mælt í neti með um 20 metra milli lína og 5 metra milli aflestrarpunkta í línu. Niðurstöður eru síðan færðar á nákvæmt afstöðukort og janfsegulsviðslíkur dregnar.

4.2 Segulmælingar í Kröflu

Raunvísindastofnun Háskóla Íslands gerði flugsegulkort fyrir Orkustofnun af um 180 km² svæði árið 1970 (mynd 4.1). Kortið nær yfir Námafjall Kröflu og nágrenni og var birt í áfangaskýrslunni frá 1971 en hefur verið endurteiknað hér. Á kortinu sést að vel afmarkaðar segullægðir koma fram við Námafjall og Kröflu. Lægðin er mjög skörp við Námafjall og fellur vel saman við lægð á korti sem gert var eftir mælingar á jörðu niðri á Námafjallssvæði 1975. Ekki er ljóst, hvort ummyndunin orsakar breytingu á segulmögnun bergsins, eða hvort um er að ræða áhrif hins háa hitastigs í berginu.

Sumarið 1977 var hafin gerð nákvæms segulkorts á jörðu af Kröflusvæði. Mælt var í neti eins og áður er lýst. Tilgangur mælinganna var að athuga hvort finna mætti sprungur eða misgengi á þeim svæðum sem líklegust þykja sem vinnslusvæði. Misgengjasveimur með stefnuna nálægt N-S liggur í gegnum Kröflu-öskjuna og er háhitasvæðið austan til í honum. Auk þessara N-S misgengja er að finna misgengi með NA-SA stefnu. Við umbrotin, sem hófust 1975 kom í ljós misgengi í suðurhlíðum Kröflu. Eitt misgengi liggur frá holu KG-3 í stefnu suðaustur hjá holu KW1 og hefur stefnuna N158°A. Annað misgengi er austar og ofar í suðurhlíðum Kröflu og stefnir N122°A. Spurning var, hvort þessi misgengi sæjust með segulmælingum og hvort hægt væri að rekja þau. Segulmælt svæði er sýnt á mynd 4.2 og einfaldað segulkort á mynd 3.4. Nákvæmari segulkort eru sýnd á mynd 4.4, 4.5, 4.6, 4.7, og 4.8.

Norðurjaðar kortsins nær frá holu KW2 að austan og nálægt beinni stefnu vestur um 300 metra vestur fyrir holu KG8. Að vestanverðu afmarkast kortið af veginum (vegi til Vítis) allt frá afleggjaranum að holu KJ6 og að brekkubrún en þar stækkar kortið til vestur eins og fyrr er sagt.

Að austan afmarkast kortið af gili sem liggur til suðurs, suður af holu KW2, allt suður undir holu KJ7 en þar stækkar kortið til austurs, austur fyrir holu KJ9. Frá holu KG3 og suður að þvergili norðan Sandabotnafjalls hefur kortið verið teygð í austur, í suðurhlíðar Kröflu.

Þegar litið er á lándakort af svæðinu sést að nokkur hæðarmunur er innan segulkortsins. Hæð lands umhverfis holu KJ6 er 460-470 m y.s. en hæð lands á Vítismó milli holu KW2 og KG8 er 530-540 m y.s. Þetta hefur áhrif á segulmælingar og veldur hækkingum lands hækkingu í segulsviði. Sé litið á segulkortið í heild sést að meðalstyrkleiki segulsviðsins (regional-styrkleiki) er hærri uppi á brekku en niðri í dalnum. Er það vegna hæðarmunar. Gert er ráð fyrir að munurinn sé um 1000 gamma (γ). Þannig er meðalstyrkur segulsviðsins 51000-53000 γ nyrst en niðri í dalnum er það 50.000-50.000 γ . Segulsviðið er því talið óeðlilega lágt sé það minna en 50.000 γ í dalnum og minna en 51.000 γ uppi á Vítismó. Óeðlilega lágt segulsvið nær frá holu KG8 suð-austur um borholusvæðið í brekkunni, suður undir holu KJ6 og austur í suðurhlíðar Kröflu eins langt og kortið nær. Á öllu þessu svæði er allmikil ummyndun á yfirborði.

Það sem athygli vekur þegar litið er á segulkortið eru miklar óreglur í segulsviði á afmörkuðu svæði. Þetta eru hæðartoppur í segulsviðinu og segullægðir á milli þeirra. Þetta óreglusvæði er aflengt frá holu KG8 til suð-austurs að holu KW1. Oft kemur nokkuð skýrt og þekkjanlegt merki yfir misgengi. Annað misgengið frá 1975 er inni á óreglusvæðinu og fellur stefna misgengisins saman við stefnu óreglusvæðisins. Hugsanlegt er því að þessi frávik í segulsviðinu á þessum stað stafi af misgengjum eða sprungum með stefnuna NV-SA. Holurnar KW1, KG8 og KJ11 eru allar innan óreglusvæðisins. Hóla KJ6 er ein suðvestan þess, KG5, KJ7, KJ9 og KG10 eru allar norðaustan þess. Niðurstöður svarfgreininga úr borholum benda til þess, að á milli holu KJ6 og hinna holanna sé misgengi. Viðnámsmælingar sýna lóðrétt viðnámskil, en þau liggja 200-250 metrum sunnan við óreglusvæðið.

Í ráði er að halda segulmælingum áfram og athuga hvort þessarar segulóreglu verður vart lengra til norð-vesturs en að Leirhnjúk. Auk þess er ætlunin að segulmæla í suðurhlíðum Kröflu en það svæði kemur mjög til greina til framtíðarvinnslu.

5 TITRINGSMÆLINGAR

5.1 Inngangur

Dagana 21. og 22. júlí 1977 voru gerðar titringsmælingar á borsvæðinu við Kröflu. Slíkar mælingar hafa víða verið gerðar á jarðhitasvæðum erlendis en með misjöfnum árangri. Rétt þótti að reyna þessa aðferð á Kröflusvæði með þeim tækjabúnaði er tiltækur var í landinu.

Tigangur mælinganna var að kanna:

- 1) Hvort eitthvert áberandi mynstur fyndist í styrk eða ríkjandi eigintíðni titrings á svæðinu, sem rekja mætti til takmarkaðra upptaka er tengdust jarðfræðilegri uppbyggingu þess.
- 2) Titring frá borholum í blæstri. Hola KW2 var valin til þessara athugana.

Hér fer á eftir lýsing mæliaðferðar og niðurstöður. Rétt er að benda á að niðurstöður þessar eru frumúrvinnsla frekar ófullkominna gagna. Ef vel ætti að vera þyrfti verulega fullkominari tækjabúnað og stafræna úrvinnslu gagna í tölvu til að fá endanlega úr því skorið hvort titringsmælingar gætu nýst til rannsóknar á Kröflusvæði.

5.2 Mæliaðferð

Titringurinn var mældur með jarðsveiflumælitækjum Orkustofnunar og Raunvísindastofnunar Háskólans. Sex geófonar, 1 st. 2Hz lóðréttur, 2 st. 2Hz láréttir og 3 st. 5Hz lóðréttir voru tengdir inn á 6 rása magnara sem magnar 60 dB fasta mögnun og allt að 60 dB breytilega mögnun. Lágtíðnisiur voru stilltar á 0,1 Hz og hátíðni á óendanlegt sem þýðir hátíðnisiur upp á 6dB/okt við 30 Hz. Merkin frá magnara ásamt sekúndumerki og talrás voru skráð á Philips segulband. Upptakan er FM og hraði er 3 3/4 ips.

Mælipunktur eru merktir inn á kort af svæðinu (7.1). Venjulega var titringur mældur í eina mínútu í hverjum mælipunkti. Þann 21-07-1977 var logn og þoka, en næstu nótt (22-07-1977) var suðaustan strekkingur. Vegna þessa var lokað fyrir holu KW2 sömu nótt og nokkrar mælingar endurtekna til að fá fram áhrif veðurbreytinganna.

Við úrvinnslu af segulbandi var notast við Siemens-skrifara OS og RH. Fyrst var pennamögnun stillt með tíðnigjafa sem gaf 2 Vpp við 10 Hz. Því næst voru 25 sek af upptöku hverrar mælingar spilaðar til að kanna hvernig meðalútslag breyttist milli mælistaða. Síðan voru valdir sex mælistaðir til tíðnigreiningar í þeim tilgangi að finna tíðnisvið borholutitrings. Við tíðnigreiningu var spilað í gegnum tvær bandsíur (Brüel og Kær) sem stilltar voru á 3% síuskala.

Útslag titrings var metið á línuriti.

5.3 Mæliniðurstöður

Mælipunktur eru sýndir á mynd 7.1. Mynd 5.1 og 5.2 sýna meðaltalsútslag titrings í mælipunktum 1 til 18 mælt bæði með lóðréttum og láréttum geófónum. Titringur er mestur við holu KG8 sem blæs inn í hljóðdeyfi. Titringstoppurinn á milli holu KW2 og Vítis á líklega rætur sínar að rekja til lausra yfirborðsjarðlaga. Meðalútslag titrings við holu KW2 (ekki í blæstri) og 1 km NNA af henni er af mjög svipaðri stærð. Breytingar í meðaltalsútslagi frá holu KJ11 að holu KW1 virðast hafa jákvæða fylgni við laus yfirborðsjarðlög. Ekki er neinn marktækur munur á láréttum og lóðréttum titringi eins og sýnt er í línuriti 1 og 2.

Mynd 5.3 sýnir einfaldlega að hola KW2 er svo meinleysislegur titringsgjafi að áhrifin frá holunni eru ekki mælanleg utan við 100 m radíus. Allur mismunur á punkta- og strikálínunum nema við holu KW2, eru áhrif suðaustan strekkings sem gerði aðfaranótt þess 22. júlí. Sú staðreynd að fyrri frávik magnast upp, bendir til að áhrif veðurfars á sjó og land eigi sinn þátt í tilveru þeirra.

Þegar holu KW2 er hleypt í blástur, eykst titringur af tíðni 10 Hz í næsta nágrenni við hana. Blástursstútur verkar líklega sem bassi þannig að orka berst sem hljóðbylgja í lofti að geófónum. Tíðnisviðið sést vel á mynd 4.5. Þar sést einnig að hola KW2 framleiðir hlutfallslega minna af titringi á tíðnibílinu 4 til 8 Hz. Mynd 5.5 sýnir að titringurinn frá holu KG8 er á svipuðu tíðnisviði og úr holu KW2. Tíðnigreining á punkti KG8 gefur til kynna að tíðnibilið 5 til 10 Hz hafi stærra meðalútslag (meiri styrk) innan borsvæðisins en utan þess.

Myndir 5.6 og 5.4 gefa tilefni til að áætla áhrif suðaustan strekkingsins á mæliniðurstöður.

5.4 Niðurstöður

Niðurstöður titringsmælinganna eru:

- 1) Borholutitringur frá holu KW2 í blæstri er frekar lítill og mundi ekki hafa truflandi áhrif á titringsmælingar, nema í næsta nágrenni við holuna.
- 2) Efsti metrinn af yfirborðsjarðlögum og veðurfar skapa titringsanómaliur af svipaðri stærðargráðu og blásturinn í holu KW2.
- 3) Útslag titrings breytist lítið eftir prófíl sem liggur frá holu KW2. og 1 km til NNA.
- 4) Hóla KW2 í blæstri eykur titring innan 100 m radíus. Næst holunni er þessi titringsaukning á tíðnibilinu 10 Hz.
- 5) Titringur er meiri á neðra borsvæði en því efra.
- 6) Engin ríkjandi eigintíðni sem rekja má til annarra upptaka en borholu finnst á svæðinu.

Ekki þykir ráðlegt að gera frekari titringsmælingar með núverandi eða svipuðum tækjabúnaði. Við núverandi aðstæður er ekki mögulegt að rekja ákveðið tíðnibil um svæðið vegna þess að óþskileg tíðnisvið geta mettað upptökutækið. Mikil pappírseyðsla á sér stað við útspilun og við aflestur línurita reynir mjög á eigið mat þess er vinnur úr. Nauðsynlegt er því að breyta um skráningartækni eða vinna verkið í tölvu.

6 ÞYNGDARMÆLINGAR

6.1 Inngangur

Árið 1975 var hafist handa við þyngdarmælingar á jarðhitasvæðinu við Kröflu. Tilgangurinn var að reyna með endurteknum mælingum, að fylgjast með og meta massabreytingar á svæðinu er kynnu að koma fram við nýtingu gufu úr borholum. Vegna jarðhræringanna, er hófust í árslok 1975 og mikilla þyngdarhreyfinga samfara þeim, reyndist þetta ekki unnt, þyngdarmælingar hafa því einkum verið notaðar til þess að fylgjast með jarðhræringunum og einnig hefur verið gert Bouguerkort til þess að fá hugmynd um massadreifingu undir svæðinu.

Við þessar mælingar var notaður LaCoste og Romberg þyngdarmælir, G-445. Mæld þyngdargildi voru tengd landsneti þyngdarmælinga og gerð var hæðarleiðrétting, Bouguerleiðrétting, landslagsleiðrétting, breiddarleiðrétting og leiðrétting vegna flóðs og fjöru fyrir alla punkta.

Endanleg tölvuúrvinnsla liggur ekki enn fyrir, en hér er birt bráða-birgða-þyngdarkort af svæðinu (mynd 6.1) með 1 mgal jafnþyngdarlínunum.

Þyngdarkortið sýnir vaxandi þyngdargildi frá suðri til norðurs í átt að Kröfluöskju. Innan öskjunnar einkennist kortið af óreglum, bæði hæðum og lægðum, en suður af öskjunni eru þyngdarbreytingar mun minni. Þyngdarkortið nær einungis út fyrir öskjuna að sunnan.

Bouguerkortinu samanstendur af tveim hlutum. Annar hlutinn lýsir þyngd á stóru svæði umhverfis Kröflu ("regional gravity trend") en hinn hlutinn lýsir þyngdarfrávikum á Kröflusvæðinu sjálfu ("residual gravity anomaly") (mynd 6.2). Þar sem fullnaðarúrvinnsla er ekki lokið verður ekki gerð tilraun til að skýra þyngdarkortin í þessari skýrslu nema að óverulegu leyti. Í lok þessa kafla er í stuttu máli rætt um hugsanlegar endurbætur og frekari úrvinnsla gagna.

6.2 Útreikningar

Bouguer-þyngdarkortin, sem mynd 6.1 er byggð á, eru fengin með jöfnunni (1,2):

$$g_B = g_M + g_H - g_{H\rho} + g_L - g_N \quad (\text{mgal})$$

Þar sem:

g_M er mælt þyngdargildi leiðrétt fyrir reki (drift), flóði og fjöru og heimfært á íslenska Potsdam kerfið (3). Flóðleiðréttingin byggist á aðferð Longmans (4).

g_H er hæðarleiðrétting fengin með jöfnunni:

$$g_H = 0.3086 \cdot H$$

þar sem H er hæð punktsins yfir sjávarmáli mæld í m. Þessi liður er nefndur "free air" leiðrétting.

$g_{H\rho}$ er leiðrétting vegna þess massa, sem er milli mælipunktsins og sjávarmáls (Bouguerleiðrétting) og fæst með jöfnunni:

$$g_{H\rho} = 0.04191 \cdot H \cdot \rho$$

þar sem ρ er eðlismassi í g/cm^3 . Við útreikning á Kröflusvæðinu var allsstaðar notað gildið $\rho = 2.3 \text{ g/cm}^3$.

g_L er landslagsleiðrétting, það er leiðrétting vegna áhrifa umhverfisins (fjalla, dala o.s.frv.) á þyngdargildið í viðkomandi mælipunkti. Leiðrétt er út í 30 km fjarlægð frá hverjum punkti. Þessi liður er alltaf pósitífur. Við landslagsleiðréttinguna var notuð aðferð eftir P.L. Lukavchenko (1). Eðlismassinn $\rho = 2.3 \text{ g/cm}^3$ var einnig notaður hér.

g_N er leiðrétting vegna mismunandi landfræðilegrar breiddar mælipunkta og fæst með jöfnunni (International Gravity Formula, 1930 (1,2)).

$$g_N = 978.0490 (1 + 0.0052884 \sin^2\phi - 0.0000059 \sin^2\phi^2) \text{ í gal}$$

þar sem ϕ er norðlæg breidd punktsins.

Þessi stærð g_N er nefnd "Normal gravity".

Mynd 6.2 sýnir þyngdarkort með þyngdarbreytingum á sjálfu Kröflusvæðinu (residual gravity anomaly). Þetta kort er fengið með því að draga frá þyngdarkortinu (Bouguer kortinu, í mynd 6.1) þyngdarbreytingar á stóru svæði umhverfis Kröflusvæðið (regional gravity trend). Þar sem tölvu-úrvinnsla liggur ekki fyrir var við gerð þessa frádráttarliðs notað mjög einfaldað línulegt samband:

$$g_{BL} = 18 + 0,5 \cdot y \text{ í mgal}$$

Þar sem y er fjarlægð í km í stefnu norður frá fastri viðmiðunarbreiddargráðu, syðst á mynd 1, til mælipunkts. "Residual": þyngdarkortið fæst þá með

$$g_B - g_{BL}$$

6.3 Mat á óvissu Bouguergilda

Sem áður er lýst eru Bouguergildin fengin úr jöfnunni:

$$g_B = g_M + g_H - g_{H\rho} + g_L - g_N$$

Þannig að óvissa á skráðum Bouguergildum er samanlögð óvissa hinna einstöku liða. Þetta mætti skrifa:

$$\Delta g_B = \Delta g_M + \Delta g_{H\rho} + \Delta g_L + \Delta g_N$$

Hér skal sýnt hvernig meta má heildaróvissuna út frá einstökum þáttum jöfnunnar.

a) Δg_M . Óvissan á mældu gildi, er sú óvissa sem tengd er mælingum með þyngdarmæli, útreikningum á þyngdargildum miðað við nálæga grunnstöð og síðan tenging útreiknaðs þyngdargildis við landsnet (íslenska Potsdamkerfið (1)).

Framleiðendur þyngdarmælisins gefa upp óvissu í stillingu og aflestri sem 1 einingu (um 0,01 mgal). Óvissa í útreikningum er óvissa af völdum

reks (drifts) þyngdarmælisins, óvissa vegna skekkju í flóðaleiðréttingar-töflum (max 0,01 mgal samkv. uppl. Gunnars Þorbergssonar) og óvissa vegna skekkju á skráðum tíma.

Grunnstöð og viðmiðun fyrir daglegar mælingar var ýmist FM-5597 (á virkjunarsvæðinu) eða FM-5276 (á tröppum kirkjunnar við Reynihlíð). Mælt var reglulega milli þessara grunnstöða meðan á mælingum á svæðinu stóð. Eftir 29. apríl 1977 hafa mælingar verið tengdar við FM-5224 á Húsavíkurflugvelli.

Heildaróvissu í mældum gildum, g_M , má því áætla um 0,04 mgal.

b) g_H má skrifa sem:

$$g_H = 0.3086 \cdot H$$

Óvissan í g_H , er því:

$$\Delta g_H = 0.3086 \cdot \Delta g_H$$

Hæð mælipunkta er fengin með tvennu mótí. Annars vegar er hæð fengin frá landmælingum Orkustofnunar og hins vegar er hæð tekin beint af kortum.

Hæð fastmerkja sem fengin eru frá landmælingum OS er gefin upp í metrum með þrem aukastöfum (í mm), en þar sem þyngdarmælingarnar ná yfir mælingar nokkra mánuði sumarið 1977, má gera ráð fyrir um 10-20 cm hæðarbreytingu á mælitíma (og því óvissu í hæð), þ.e.

$$\Delta g_H = 0,03 \text{ til } 0,06 \text{ mgal.}$$

Hæð annarra punkta er lesin beint af kortum af svæðinu í kvarða 1:5000 með 2 m hæðarlínunum. Ætla má að meðalóvissa í hæðarákvörðun sé um 1 m og því er $\Delta g_H = 0,31$ mgal.

c) $g_{H\rho} = 0.04191 \cdot H \cdot \rho$ og því er óvissan í $g_{H\rho}$:

$$\Delta g_H = 0.04191 \cdot (\Delta H \cdot \rho + H \cdot \Delta \rho)$$

Sem áður er $\Delta H = 1$ m og $\rho = 2,3$ g/cm³

þannig að fyrri liður gefur: $\Delta g_H = 0,1$ mgal.

Mun erfiðara er að meta síðari liðinn. Gert hefur verið ráð fyrir við gerð Bouguer kortsins að ρ væri stöðugt yfir allt svæðið:

$$\rho = 2,3 \text{ g/cm}^3$$

Þetta er ekki nógu nákvæmt. Ef gert er ráð fyrir að $\Delta\rho = 0,1$ g/cm³ og tekinn er punktur á virkjunarsvæðinu, $H = 500$ m fæst fyrir síðari liðinn $\Delta g_{H\rho} = 2,1$ mgal.

Heildar óvissa í $g_{H\rho}$ er því:

$$\Delta g_{H\rho} = 0,1 + \text{óvissa vegna } \Delta\rho$$

Þessa óvissu mætti minnka verulega með því að miða hæð ekki við sjávarmál heldur hærri flöt t.d. yfirborð Mývatns.

d) Landslagsleiðréttingar eru unnar eftir aðferð Lukavchenko (1). Leiðrétt er út í 30 km frá mælipunkti. Ætla má óvissu þessa liðar:

$$\Delta\rho_L = 0,1 \text{ mgal.}$$

e) g_N , Normal Gravity, er reiknað eftir jöfnunni:

$$g_N = 978,0490 (1 + 0.0052884 \sin^2 \phi - 0.0000059 \sin^2 2\phi) \text{ í gal}$$

Óvissa í g_N , Δg_N , er að langmestu leyti óvissa í ϕ , þ.e. óvissa í staðsetningu mælipunkta. Ætla má að staðsetning mælipunkta á korti 1:5000 sé það góð að óvissa af þeim sökum sé, $\Delta g_N = 0,01$ mgal.

Einn óvissuliður til viðbótar kemur inn við gerð "residual" þyngdar kortsins, mynd 62. en það er stærð g_{BL} eða "regional trend". Jafnan sem notuð var fyrir g_{BL} , er mjög einfölduð, t.d. er ekkert tillit tekið til breytinga í stefnu austur-vestur. Ætla má að óvissa í þessum lið sé innan við 1 mgal innan og í námunda við öskjuna.

Heildaróvissa Bouguergilda, Δg_B , sem notuð eru í mynd 1, áætlast því:

$$\Delta g_B = 0,5 - \text{til } 0,6 \text{ mgal}$$

og er þá hvorki meðtalin óvissa vegna breytilegs eðlismassa, $\Delta \rho$, né vegna g_{BL} .

6.4 Frekari úrvinnsla

Fyrirhuguð er frekari úrvinnsla þyngdarmæligagna. Hér skal í stuttu máli getið um helstu atriði sem ætlunin er að endurbætt verði við tölvu-úrvinnslu og athugunum á þeim þyngdarkortum sem við það fást.

- a) Þyngdarkort, (residual kort) verði gert fyrir fleiri en einn eðlismassa, ρ . Hugsanlegt væri einnig að reikna með breytilegum eðlismassa þessar breytingar gætu ýmist komið inn sem stökk á vissum svæðum eða þá sem samfelld breyting $\rho = \rho(x,y)$, yfir allt svæðið.
- b) Jafnan sem gefin var fyrir þyngdarbreytingar á stóru svæði, umhverfis Kröflusvæðið (regional gravity trend), er mjög einfölduð. Þetta samband verður endurskoðað og hugsanlegt er að nokkrum nýjum mælipunktum verði bætt við, þegar þeir hafa verið hæðarmældir (barometerhæðarmæling).
- c) Frekari úrvinnsla mun gefa tilefni til túlkunar á þeim breytingum sem fram koma. Hér skulu einungis nefnd fáein dæmi um hvers konar upplýsingar hægt er að fá úr túlkun á þyngdarkortum, ef vel tekst til.

Þyngdarkortin eru dregin með 1 mgal jafnþyngdarlínunum. Að ekki skuli vera sama útreiknaða þyngdargildið um allt svæðið sýnir að eðlismassinn, undirniðri, er breytilegur. Efnið undir viðkomandi svæði er því annaðhvort þyngra eða léttara en sem samsvarar þeim eðlismassa sem þyngdarkortið er gert fyrir. Lögun jafnþyngdarlínanna getur gefið vísbendingu um útbreiðslu efnisins. Líkanreikningar ásamt sniðum gegnum þyngdarkortin geta gefið vísbendingu um ýmsa eiginleika þess efnis sem veldur þyngdarbreytingunni, t.d. hámarks- mismun á eðlismassa efnisins miðað við umhverfið, hámarksdýpi niður á efnið, heildar massa og fleira.

- d) Aðrar mælingar og athuganir geta aðstoðað mjög við að túlka niðurstöður þyngdarmælinga. Helst ber þar að nefna jarðsveiflumælingar til ákvörðunar á þykkt jarðlaga og skálftamælingar, staðsetning skjálfta og dýpi þeirra. Jarðfræðileg kortlagning og ýmsar upplýsingar sem hægt er að fá úr borholum, geta komið að miklu gagni.

HEIMILDIR

1. Sazhina Grushinsky, 1971: Gravity Prospecting. Mir Publishers, Moscow.
2. Guðmundur Pálmason, Thor H. Nilsen og Gunnar Þorbergsson, 1973: Gravity Base Station Network in Iceland 1968-1970. Jökull 23. árg., bls. 70-125.
3. D.S. Parasnis, 1962: Principles and Applied Geophysics, Chapman and Hall, London.
4. I.M. Longman, 1959: Formulas for Computing the Tidal Accelerations Due to Moon and the Sun. Journal of Geophysical Research, Vol. 64, bls. 2351-2355.

Með þessa niðurstöðu í huga var mæld ein löng lína þvert yfir jarðhitasvæðið við Kröflu (lína B-A á mynd 7.1) og gossprungurnar við Leirhnjúk. Niðurstöðurnar eru sýndar á mynd 7.2. Mesta sveifla á allri þessari línu, sem er 4,3 km löng, er aðeins um 80 mV. Gildin á ummynduðu svæðunum upp af Leirbotnum, í suðurhlíðum Kröflu og í Leirhnjúki eru hærri en gildin umhverfis. Þetta gæti verið tengt uppstreymi á þessum svæðum. Við Hveragil er um 40 mV negatív lægð sem gæti verið afleiðing sprungu á svipaðan hátt og fram kom í Bjarnarflagsmælingunum.

